

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um dóma Landsréttar í kynferðisbrotamálum.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

Hver var fjöldi dóma Landsréttar í kynferðisbrotamálum árin 2018–2020, sundurliðað eftir því hvort:

- a. fyrri dómur var staðfestur,
- b. fyrri dómi var breytt, og þá hvort það var til þyngri eða vægari refsingar,
- c. fyrri dómi var snúið, og þá hvort sakfellingu var snúið í sýknu eða sýknu snúið í sakfellingu,
- d. um ómerkingu, frávísun eða niðurfellingu var að ræða?

Svör óskast einnig sundurliðuð eftir árum og þeim lagagreinum sem brot varðar í dómunum.

Skriflegt svar óskast.